

## JAFNRÉTTISNEFND NESKAUPSTADAR

Nokkur atriði til íhugunar vegna lagafrumvarps um jafnstöðu kvenna og karla.

- 
- Hvað stendur í stjórnarskránni um jafnrétti þegnanna ?
  - Auðvitað er mikilvægt að lög kveði á um jafnrétti karla og kvenna, en er ekki jafnrétti í reynd aðalatriðið ?
  - Hafa lögin um jafnlaunaráð (sem eru næstum eins og þetta frumvarp) borðið einhvern árangur ?

Vantar kannski lög, sem segja til um hvernig konur eigi að ná jafnstöðu á við karla ?

- Gefur þetta lagafrumvarp í skyn að jafnrétti sé í .landinu ?
- Gerir frumvarpið ráð fy rir því, að konur og karlar séu eins ?
- Er nauðsynlegt að meðhöndla bæði kyn eins ? Mætti ekki alveg eins leggja áherslu á að bæði kyn séu meðhöndluð sem jafnverðmætir einstaklingar ?
- Mætti halda af þessum lagagreinum, að karlar ~~njóttu~~ búi við alveg sams konar misrétti og konur ? (Ætti ekki hin tvöfalda kúgun kvenna (þ.e. bæði vegna stéttar og kyns) að koma í ljós í þessum lögum ?).

Ætti frumvarpið e.t.v. að heita:

"Frumvarp til laga um aðgerðir til þess að konur öðlist sama rétt í þjóðfélaginu og karlar " ? eða "lög gegn kúgun kvenna" ? eða "lög til að gera konum kleift að nýta réttindi sín" ?

- Vantar ekki eitthvað í 2. gr. um það, hvernig konum skuli veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og körlum ? (t.d. næg dagheimili fyrir öll börn, ~~barneignafrið~~ möguleikar á skertum stöðum fyrir foreldra, barneignafrið í a.m.k. 3 mánuði fyrir allar mæður, aukin heimilisaðstoð á vegum bæjarfélaga, fóstureyðingar, annað skipulag hýbýla, fleiri atvinnumöguleikar fyrir konur nærri heimilum sínum (sbr. hér í bæk ).

- Vantar ekki líka eitthvað í 2.gr. um það hvernig skuli vinna að því, að konum verði greidd ~~fjá~~ jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf ? Er kannski bara átt við hjá sama vinnuveitanda ? ( t.d. mætti hækka kvennastörf í launaflokkum ).

- Mætti ekki eitthvað standa í 7. gr. um viðhorfamótun kennslubóka, t.d. að þær skuli hamla á móti hefðbundinni hlutverkaskiptingu kynjanna (ætti slíkt að skanda í grunnskólalögum?).

- Ætti 8. gr. kannski að vera í einhverjum öðrum lagabálki ?
- Mætti ekki standa þarna eitthvað um það, að auglýsingar skyldu ekki viðhalda hefðbundnum viðhorfum, sem stuðla að misrétti ?
- Vantar ekki eitthvað um heimilin ? Hvaða árangri getur tal um jafnrétti náð, meðan menn snúa sér ekki að heimilunum ?
- Er ekki verið að einfalda vandamálið með því að tala bara um atvinnulífið ? Er það ekki einmitt á heimilunum, sem kúgun kvenna hefur grasserað um aldirnar ?
- Eiga slík lög að ná til félaga ? Þ.e. koma í vega fyrir að félög stuðli að mismunun ?

Hvað um meiðyrði vegna kyns ?

Er hugsanlegt að krefjast í slíkum lögum sérstaks átaks til að auka t.d. menntun kvenna (aukin hjálp, auðveldari ~~sk~~ leið o.s.frv. ); eða að krefjast aðgerða til að koma upp fjölbreyttari möguleikum á vinnu; væri hægt að krefjast ákveðins lágmarksfjölda kvenna á ákveðnum stöðum ( t.d. í bæjarstjórnnum, nefndum, fulltrúum hér og þar o.s.frv. ). Hér yrði um ákveðna mismunun að ræða. (Dæmi um að misrétti skuli snúið við til að nálgast jafnrétti, er t.d. þegar talað er um að hækka bara læsk gstu launaflokka í kjókarasamningum, en láta þá hæstu standa í stað, slíkt tal hneyksla ekki ).

Að lokum:

- Eiga ekki slík lög fyrst og fremst að vera til þess að tryggja konum meiri rétt og meiri möguleika ?
- Verður einhvern tíma um eitthvað almennt jafnrétti milli kynjanna að ræða í kapitalistisku þjóðfélagi nútímans ?
- Væri nóg að lögin segðu bara að bannað væri að mismuna konum vegna kynferðis og þar væru ákvæði um átak til að bæta stöðu kvenna og gera þeim kleift að nota réttindi sín.

Ath. þessir punktar eru alls ekki tillögur heldur rétt til umhugsunar.

G.G.Ó.